



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 26. júní 2013

Eftirfylgni vegna heildarathugunar Fjármálaeftirlitsins hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi heildarathugun á starfsemi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan tiltekinna tímamarka. Í kjölfarið, eða þann 8. apríl 2013, birti Fjármálaeftirlitið [gagnsæistilkynningu](#) þar sem gerð var grein fyrir helstu athugasemdum stofnunarinnar við starfsemi félagsins.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að stjórn félagsins fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripíð hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram komu í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda barst eftirlitinu í júní 2013. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af greinargerðinni, að lífeyrissjóðurinn hafi brugðist með viðeigandi hætti við þeim ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru.